

Miðvikudaginn 26. febrúar 1986.

Nr. 248/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Magnúsi Sigurðssyni

(Örn Clausen hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 9. október 1985 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. þ.m.

Sannað er að ákærði flutti hinn 7. júlí 1984 60 g af amfetamínudufti frá Amsterdam til Íslands. Með vísan til málavaxtalýsingar í héraðsdómi er eigi ljóst hvort ákærði keypti efnið sjálfur eða annar maður, svo sem hann hefur haldið fram. Augljóst þykir að efnið hafi verið flutt inn í því skyni að það yrði selt, hvort sem ákærði hugðist gera það sjálfur eða afhenda það öðrum til sölu. Hefur ákærði þannig unnið til refsingar samkvæmt ákvæðum þeim sem í héraðsdómi greinir að því viðbættu að reglugerð nr. 16/1986 kemur nú í stað reglugerðar nr. 390/1974 og auglýsingar nr. 293/1978.

Svo sem í héraðsdómi segir ber að ákveða ákærða fangelsi í einu lagi fyrir brot það sem hann er nú ákærður fyrir og brot það sem skilorðsdómur frá 4. janúar 1984 fjallar um, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsingin með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem stóð yfir í 9 daga en eigi 10 svo sem í héraðsdómi greinir (þ.e. frá kl. 11 hinn 8. júlí til kl. 11 hinn 17. júlí 1984).

Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað og dæma ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Sigurðsson, sæti fangelsi 8 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 9 dagar.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 5. september 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 5. september var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr. við undirritaða votta og þá kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 309/1985: Ákærvaldið gegn Magnúsi Sigurðssyni.

Málið er höfðað á hendur Magnúsi Sigurðssyni fæddum 25. apríl 1957, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfni: „að hafa í júlí 1984 keypt 60 gr. af amfetamínufti í Amsterdam og flutt það hingað til lands 7. s.m. í því skyni að selja það hér á landi, en ákærði var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á efnið.“

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 60 g af amfetamínufti samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

Ákærði hefur sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

- 1976 9/5 í Vestm. Sátt: 6.000 kr. sekt f.brot g. 257. gr. hgl.
 1977 í Vestm. Uppvís að broti á 1. mgr. 155. gr. hgl. ákæru frestað
 skb. í 2 ár frá 6/9 '77.
 1978 21/4 í Vestm. Dómur: 40.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25.
 gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá
 16/5 '78.
 1981 10/6 í Reykjav. Dómur: 4.500 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr.
 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11/4
 1981.

- 1984 4/1 í Reykjav. Dómur: 30 daga fangelsi skb. 2 ár f. brot g. 250.
gr. hgl.
- 1984 9/5 í Reykjav. Veitt ökuleyfi á ný.

Vörn var munnlega flutt í dag og gerði verjandi þær dómkröfur að ákærði hlyti þá vægustu refsingu er lög leyfðu og að dæmd yrðu hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins.

Málsatvik.

Ákærði var handtekinn við komu hingað til lands frá Amsterdam 7. júlí 1984 og fundust þá í fórum ákærða alls 60 grömm af amfetamíni er ákærði hafði falið innan klæða og einnig að hluta innvortis.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 7. júlí 1984 og lýsti ákærði þá kaupum á 60 grömmum af amfetamíni í Amsterdam daginn áður þann 6. júlí 1984. Ákærði kvaðst hafa greitt 1800-1900 hollensk gyllini fyrir efnið. Ákærði kvaðst hafa ákveðið að flytja efnið hingað til lands og selja það hér á landi.

Eftir ofangreinda dómsyfyrheyrslu var ákærði margsinnis yfirheyrður hjá lögreglu er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins. Ákærði bar við þær yfirheyrslur efnislega á sama veg og að ofan var rakið. Ákærði staðfesti síðan framburði sína hjá lögreglu hér fyrir dómi 17. júlí 1984.

Ákærði var síðan yfirheyrður hér fyrir dómi 14. febrúar 1985 og kvað ákærði þá sína fyrri framburði undir frumrannsókn málsins ekki vera rétta. Ákærði kvaðst ekki hafa verið eigandi efnisins og heldur ekki hafa fest kaup á efninu í Amsterdam. Ákærði kvað Halldór Lárus Pétursson hafa verið eiganda efnisins. Ákærði kvað nefndan Halldór Lárus hafa átt hugmyndina að utanför til fíkniefnakaupa og hafi ákærði fallist á að flytja fíkniefnin hingað til lands gegn peningagreiðslu.

Er ákærði var spurður um sinn breytta framburð var bókað eftir ákærða: „Aðspurður um sína fyrri framburði þar sem ákærði kvaðst hafa staðið einn að nefndum innflutningi fíkniefna svo sem ákært er út af, kveður ákærði Halldór Lárus hafa sagt sér að ákærði væri jafn illa staddur ef upp kæmist hvort sem ákærði greindi frá hlut Halldórs Lárusar eða ekki. Þá kvað ákærði Halldór Lárus hafa nefnt að ákærði fengi sekt fyrir innflutninginn og yrði sektin greidd fyrir ákærða og því eins gott að nafngreina ekki Halldór Lárus og kvað ákærði Halldór Lárus hafa haft í hótunum við sig.“

Halldór Lárus Pétursson var yfirheyrður hjá lögreglu 13. júlí 1984 og bar þá af sér að hafa hitt nokkurn Íslending í utanför er hann fór í til Amsterdam á sama tíma og ákærði dvaldi þar í borg.

Halldór Lárus og ákærði voru samprófaðir hér fyrir dómi 21. mars sl.

og bar Halldór Lárus þá af sér að þekkja ákærða og ekki átt með honum nokkur samskipti.

Vitnið Anton Pálsson hefur borið hér fyrir dómi 19. febrúar, að hafa oft séð Halldór Lárus hitta ákærða á vinnustað þess síðarnefnda.

Vitnið Sigurrós Rut Karlsdóttir kvaðst hafa vitað um sameiginlega utanför ákærða og Halldórs Lárusar Péturssonar.

Niðurstöður.

Undir frumrannsókn málsins bar ákærði í fjölmörg skipti hjá lögreglu og hér fyrir dómi efnislega á sama veg.

Framburðir tveggja vitna á þá leið að ákærði og Halldór Lárus Pétursson þekktist þykja ekki skipta máli og Halldór Lárus Pétursson hefur borið af sér öll samskipti við ákærða.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða sem er í algeru ósamræmi við hans fyrri framburði og í ósamræmi við gögn málsins.

Með vísan til ofanritaðs þykir dóminum sannað að ákærði hafi gerst sekur um að hafa í júlí 1984 keypt 60 grömm af amfetamíndufti í Amsterdam. Ákærði flutti efnið hingað til lands 7. júlí 1984 í því skyni að selja efnið hér á landi, en ákærði var handtekinn á Keflavíkurlflugvelli við komu til landsins og hald lagt á efnið.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. lög nr. 75, 1982, sbr. nú lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Ákærða verður nú gerð refsing eftir lögum nr. 13, 1985, þó þannig að ekki verður beitt þyngri refsingu en heimil var fyrir gildistöku laganna sbr. meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem rakið var að framan var ákærði þann 4. janúar 1984 dæmdur í 30 daga fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir brot gegn 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Ákærði hefur með broti því er hér er ákært út af rofið skilorð er honum var gert í framangreindum dómi.

Ákærða verður hér gerð refsing í einu lagi fyrir bæði málin sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í sex mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi 10 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Fallist er á kröfu ákærvaldsins um upptöku á 60 grömmum af amfeta-

míndufti er lagt var hald á. Vísast til heimildar 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 varðandi upptökuna.

Með vísan til 141. gr. laga nr. 74, 1974 er ákærða gert að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun kr. 12.000,00 til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Sigurðsson, fæddur 25. apríl 1957, nú til heimilis að Blesugróf 19 hér í borg, skal sæta fangelsi í 6 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 10 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi undir rannsókn málsins.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 60 grömm af amfetamíndufti er hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun kr. 12.000,00 til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1986.

Nr. 259/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Kristínu Gísladóttur

(Hallgrímur B. Geirsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. október 1985 að ósk ákærðu. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á dóminum. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. f.m.

Staðfesta ber sakarmat hins áfrýjaða dóms og færslu brots til refsíákvæða með þeirri viðbót að 5. gr. laga nr. 65/1974 var breytt með lögum nr. 13/1985 og reglugerð nr. 16/1986 kemur í stað reglu-